

**2. gr.**

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er að endurgreiða iðnrekendum tollmismun af eignum þessum, sem tollafgreidd hafa verið eftir 1. marz 1970. Tollstjórar hver í sínu umdæmi annast endurgreiðsluna.

*Fjármálaráðuneytið, 24. september 1970.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Hermannsson.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á auglýsingu nr. 58 31. marz 1970, um lækkun aðflutningsgjalda af ýmsum vörum.**

Með auglýsingu þessari er afturkölluð breyting framangreindrar auglýsingar frá 31. marz 1970, að því er varðar sjúkrasokkabuxur úr Lycraefni, sem teljast til nr. 60. 04. 04, þannig að frá og með 10. október 1970 verða tollar af vöru þessari eins og segir í tollskrá.

*Fjármálaráðuneytið, 25. september 1970.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Hermannsson.*

**GJALDSKRÁ**

**fyrir Rafveitu Grindavíkur.**

**I. RAFORKA**

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 9.35 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 4.70 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 26.00 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.00 á ári af hverjum fermetra.

**B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.**

Um kwst.mæli á kr. 210 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 22.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.